



Kópavogi, 4. mars 2015

Gunnlaugur Helgason, lögfræðingur
nefndarritari velferðarnefndar
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Ágætu nefndarmenn,

Vil byrja á því að þakka fyrir nýlega heimsókn ykkar á stofnunina og umræður um framtíð hennar, einkum í ljósi lagafrumvarps um sameiningu Greiningarstöðvar við tvær aðrar stofnanir. Það var okkur mikils virði að fá að kynna fyrir ykkur afstöðu starfsfólks og stjórnar stofnunarinnar í þessu máli, en við setjum mikla fyrirvara við sameiningaráformin vegna þess hversu ólík stafsemi stofnananna er og lítil skörun í skjólstæðingarhópum. Við teljum að hagsmunum barna sé ekki vel borgið, verði af þessari sameiningu.

Eing og kemur fram í meðfylgjandi minnisblaði stendur Greiningarstöð engu að síður frammi fyrir ýmsum áskorunum sem þarf að takast á við. Einnig er í minnisblaðinu helstu áherslur sem við teljum mikilvægar við að leiða þetta mál til lykta og myndu stuðla að bættri þjónustu við fötluð börn, fjölskyldur þeirra og samstarfsaðila okkar víða um land.

Við erum að sjálfsögðu reiðubúin að svara þeim spurningum sem kunna að vakna og þökkum nefndinn aftur fyrir áhuga á starfsemi okkar og þeirri hugmyndafræði sem stofnunin stendur fyrir.

Góðar kveðjur,



Stefán J. Hreiðarsson, forstöðumaður.

Minnisblað til Velferðarnefndar Alþingis

Eins og fram hefur komið hafa stjórnendur Greiningarstöðvar ítrekað látið í ljós efasemdir um faglegan og fjárhagslegan ávinning af beinni sameiningu Greiningarstöðvar (GRR), Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands (HTÍ) og Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir sjónskerta og blinda (ÞPM).

Greiningarstöð stendur engu að síður frammi fyrir mörgum áskorunum. Í því sambandi má nefna:

- Fjárveitingar til starfseminnar hafa ekki haldist í hendur við mjög aukna ásókn í þjónustu hennar undanfarinn áratug
- Núverandi mannaflí stöðvarinnar annar um 200 nýjum tilvísunum á ári en undanfarin ár hefur fjöldi nýrra tilvísana verið um og yfir 300
- Skjólstæðingahópur Greiningarstöðvar telur um 700 börn á hverjum tíma, þar sem flest börn njóta þjónustu hennar í einhver ár, sum allt fram að 18 ára aldri
- Greiningarstöð hefur ekki annað eftirspurn eftir ráðgjöf og íhlutun þessa stóra hóps
- Biðlistar eru því eftir öllum þáttum þjónustunnar þrátt fyrir að árlega sé 15-20% tilvísana vísað frá og verkferlum hafi nýlega verið breytt til að auka hagræðingu og flýta fyrstu afskiptum af málum
- Húsnæði Greiningarstöðvar er úr sér gengið, of lítið og óhentugt að mörgu leyti þar sem nauðsynlegar breytingar á því vegna þróunar starfshátta hafa verið erfiðar
- Stærð húsnæðisins stendur í vegi fyrir þeirri fjölgun starfsfólks sem er nauðsynleg til að stofnunin geti mætt lögbundnu hlutverki sínu og kröfum samfélagsins um aukna þjónustu
- Símkkerfi GRR þarfnast nauðsynlega endurnýjunar sem og hluti tölvukerfisins
- Endurkoðun laga um Greiningarstöð nr. 83/2003 hefur ekki farið fram, þó að í lögnum væri gert ráð fyrir endurskoðun innan fjögurra ára.

Framtíðarsýn fyrir Greiningarstöð

Greiningarstöðin er öflug landsstofnun sem í tæp 30 ár hefur sinnt fötluðum börnum og fjölskyldum þeirra. Starfið byggir m.a. á forsendum snemmtækra íhlutunar og er fjölskyldumiðuð nálgun einn af hornsteinum þess. Fastráðnir starfsmenn GRR eru núna 57 talsins í 48 stöðugildum og búa yfir mikilli þekkingu og reynslu á sviði fatlana barna. Sérhæfing starfsfólks, starfsumhverfi og vinnulag miðast því alfarið við þarfir fatlaðra barna og fjölskyldna þeirra.

Auk þeirrar þjónustu sem tengist notendunum beint, svo sem ráðgjöf, greining, eftirfylgd og íhlutun, stendur stofnunin fyrir yfirgripsmiklu fræðslu- og rannsóknastarfi (sjá nánar á www.greining.is) og einnig hefur þátttaka sérfræðinga stofnunarinnar í erlendu samstarfi aukist verulega á undanförunum árum. Stofnunin er því leiðandi á sviði þjónustu og þekkingar á fötlunum meðal barna á Íslandi. Nýleg þjónustukönnun meðal foreldra barna sem höfðu notið þjónustu stofnunarinnar sýnir að almennt ríkir ánægja með þjónustuna (www.greining.is/static/files/upplýsingar/mat-a-thionustu-grr.pdf).

Samhliða framþróun Greiningarstöðvar telja stjórnendur hennar mikilvægt að greiningar- og ráðgjafarstarf sé eftt víða um land, þar sem sérfræðingar Greiningarstöðvar ynnu í nánú samstarfi við sérfræðinga í heimabyggð, hugsanlega með myndun landshlutateyma, sem væru sérhæfðari en

ráðgjafarþjónusta sveitarfélaga og með beinni þátttöku Greiningarstöðvar. Í þessu samhengi má benda á að meirihluti tilvísana til stöðvarinnar (65-70%) berst frá sérfræðiþjónustum sveitarfélaganna.

- Greiningarstöðin hefur í tæp 30 ár verið leiðandi á Íslandi í þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra
- Mikil þekking og reynsla hefur skapast á stofnuninni í árunna rás og stenst hún samanburð við ýmsar erlendar stofnanir sem við þekkjum til og starfa á sama sviði
- Greiningarstöðin er ekki lítil stofnun miðað við stóran hluta ríkisstofnana og er á margan hátt hæfilega stór til að sinna þeim viðkvæma hóp sem stofnunin þjónar
- Umtalsverð uppbygging hefur orðið á rannsóknum, fræðslu og samskiptum við innlendar og erlendar fræðastofnanir, sem hefur styrkt starfsemina verulega
- Greiningarstöðin hefur því allar forsendur til að starfa áfram sem sjálfstæð stofnun fyrir börn innan velferðarkerfis fatlaðra sé fyrir því pólitískur vilji
- Starfsemi Greiningarstöðvar hlýtur að vera í sífelldri endurskoðun, bæði hvað varðar innra starf og samvinnu við aðrar stofnanir sem þjóna börnum með sérþarfir
- Þar sem meirihluti tilvísana til stöðvarinnar berst frá sérfræðiþjónustu sveitarfélaganna er þörf á að skerpa samstarf og verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga á þessum vettvangi
- Lagt er til að stofnuð verði þverfagleg teymi er sinni börnum með fatlanir í hverjum landsfjórðungi, svo kölluð landshlutateymi, sem yrðu í nánu samstarfi við Greiningarstöðina
- Áfram verður lögð áhersla á að börn með fjölþættar og alvarlegar fatlanir njóti forgangs að þjónustu stofnunarinnar
- Það má skerpa á og auka samstarf Greiningarstöðvar við Heyrnar- og talmeinastöð, þekkingar- og þjónustumiðstöð fyrir sjónskerta og Samskiptamiðstöð heyrnarlausra vegna þeirra barna sem eru sameiginlegir skjólstæðingar
- Það má skerpa á og auka enn frekar samstarf Greiningarstöðvar við aðrar stofnanir sem þjóna börnum með sérþarfir, svo sem Barnaspítala Hringins, Barna- og unglingsgeðdeild og Þroska- og hegðunarstöð
- Huga þarf sérstaklega að þjónustu fyrir minnihlutahópa, s.s. börn af erlendum uppruna en sá hópur fer vaxandi meðal notenda þjónustunnar
- Einnig má kanna ábata þess að hækka aldersmörk skjólstæðinga lítilla, t.d. í 22 ár, til að stuðla að betri yfirfærslu yfir á fullorðinsárin hjá skjólstæðingum stofnunarinnar

Stjórnendur Greiningarstöðvar telja að ekki sé rétt að afgreiða frumvarp að lögum um Sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu í núverandi mynd. Þess í stað leggjum við til að áfram verði skoðaður sá möguleiki að stofnanirnar þrjá myndu flytja í sama hús með samnýtingu á ýmsum þáttum í stoðstarfsemi, svo sem símkerfi, sínavörslu, tölvubúnaði, mötuneyti og fundarherbergjum, eins og lagt var til í skýrslu Ríkisendurskoðunar vorið 2013.

(http://www.ríkisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/skert_faerni.pdf)

Samhliða þessu fari fram endurskoðun á lögum nr.83/2003 um Greiningarstöð og þá stuðst við ofangreind meginmarkmið stofnunarinnar (<http://www.greining.is/is/greiningarstod/um-grr/log-um-greiningar-og-radgjafarstod-rikisins>).